



BORGARSKJALASAFN  
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 402

**HF. Nýja Bíó**

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

[www.borgarskjalasafn.is](http://www.borgarskjalasafn.is) / [borgarskjalasafn@reykjavik.is](mailto:borgarskjalasafn@reykjavik.is)

*Einkaskjalasafn nr. 402*

## **HF. Nýja bíó**

HF. Nýja bíó var stofnað 12. apríl 1912 af bræðrunum Sturlu og Friðriki Jónssonum. Sveini Björnssyni, Pétri Þ. J. Gunnarssyni, Ólafi Johnson, Carl Sæmundssyni og Pétri Ingólfssyni. Fyrsta kvikmyndasýning á vegum félagsins fór fram í austursal Hótel Íslands 4. júlí 1912. Í maí 1919 var hafist handa við byggingu nýs húsnæðis fyrir bíóið við Austurstræti í miðbæ Reykjavíkur. Húsið þótti byllting í aðstöðu fyrir bíóhús og voru margvíslegar aðrar sýningar þar líka. Bíórekstri var hætt í húsinu fyrir lok níunda áratugarins, en síðustu árin voru skemmtistaðir í húsinu, svo sem Tunglið. Húsið skemmdist illa í bruna 1998 og var síðar rífið.

Nú stendur til að reisa húsið aftur í upprunalegri mynd á sama stað við Austurstræti. (Tekið m.a. af vef Rafiðnaðarsambandsins).

### **Skjalaskrá**

Lög hlutafélagsins “Nýja bíó”, samþykkt á stofnfundi félagsins þ. 12. apríl 1912.

Fundargerðabók H.F. “Nýja bíó” 20. desember 1914 til 25. janúar 1941, ásamt lögum fyrir H.F. “Nýja bíó”, samþykkt á aðalfundi félagsins 19. febrúar 1922.

Afrit af fundargerð framhaldsfundar í H/F “Nýja bíó”, 19. febrúar 1922.

Efnahagsbók desember 1916 til desember 1928 fyrir hlutafélagið “Nýja bíó”, hjér í bænum.

Afrit af sýningarleyfi til kvikmyndasýninga í húseigninni Hótel Ísland 19. júní 1912. Breytingar á stjórnnum félagsins 20. janúar 1917 og 16. júní 1918.

Afrit af bréf frá borgarstjóranum í Reykjavík til reisa kvikmyndaleikhús á baklóð hússins nr. 22 við Austurstræti 4. október 1918. Bygginganefnd og bæjarstjórn hafa veitt umbeðið leyfi til að reisa kvikmyndahús á baklóð hússins nr. 22 við Austurstræti.

Skýrsla um greidda skatta H.F. Nýja bíós á árunum 1940 til 1946. 4. febrúar 1947.

Lög hlutafélagsins “Nýja bíó”, samþykkt á stofnfundi félagsins þ. 12. apríl 1912.

### ***Einkaskjalasafn nr. 402***

Framkvæmdastjóri tók það fram að gefnu tilefni að reksur Bio væri þannig að ekki væri hægt að svara á útgjöldum frekar en gert væri , en hér hagaði öðru vísi til en í stærri bæjum erlendis þar sem margar sýningar væru haldnar á hverjum degi, sem þó lítið yki við kostnaðinn, hér væri ekki til neins að hafa meira 1 kveldsýningu að undanskyldum sunnudögum.

#### ***18. janúar 1928***

Úrkoma ársins hefði reynst rýrt frá sjónarmiði hluthafa enda hefði á miðju árinu verið opnað hið nýja sýningarhús Gamla Bio en óhjákvæmilega hefði dregið mjög miklu meira frá Nýja Bio en á meðan Gmla Bio var til húsa í hinu gamla sýningarhúsi sínu. Af sömu ástæðu taldi hann nauðsynlegt fyrir hluthafa að gera sér grein fyrir að framvegis mætti heldur ekki vænta verulegs ágóða af rekstrinum og mætti ...

#### ***24. janúar 1931***

Á liðnu ári hefðu sú breyting verið gerð á starfstilhöguninni að settar hefðu verið talmyndataeki í sýningarhúsið. Þetta hefði verið óhjákvæmilegt sökum þess að

Gamla Bio hefði þá verið buið að ákveða að setja tilmyndataeki hjá sér og hefði verið nauðsynleg að fylgjast með til að missa ekki aðsókn. Útbúnaður eþssi hefði kostað ærið fé en það hefði ekki verið unnt að horfa. Einnig gat hann þess að leiga eftir talmyndairnar væri hærri en af þöglum myndum en gerði restrarkostnaðinn hærri. . Þrátt fyrir þetta hefði félagsstjórnin ekki viljað hækka aðgangseyri.

#### ***20 janúar 1932***

Framkvæmdastjórinn hefði skýrt frá örðugri fjárhagsstöðu, og hefði aðsókn að bíóinu verið minni en árið áður

#### ***24 janúar 1934***

Skýrsla um reksturinn ... skemtanaskattur hefði hækkað úr 10% í 18% hækkunin lögð á aðgöngumiða, þannig að brúttó salan hefði hækkað töluvert á árinu ... Félagið hefði verið heppið með að hafa góðar myndir þetta árið 25 janúar 1938  
Tekjur félagsins orðið líkar og árið áður og gjöldin einnig  
Það sem erfiðast var að afla nauðsynlegs gjaldeyris til greiðslu á tókst.